



# Hörgársveit

# Fréttabréf

7. maí 2014 5. árgangur 5. tölublað

## Kjörskrá

Kjörskrá fyrir Hörgársveit vegna sveitarstjórnarkosninganna 31. maí 2014 mun liggja frammi á skrifstofu Hörgársveitar frá og með 21. maí 2014 til kjördags.

Athugasemdir við kjörskrána skulu sendar til skrifstofunnar.

Sveitarstjóri

## Auglýsing um skipulag

### *Breyting á deiliskipulagi á Hjalteyri*

Í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 auglýsist hér með tillaga að breytingu á gildandi deiliskipulagi á Hjalteyri. Tillagan gerir ráð fyrir tveimur breytingum á deiliskipulaginu:

- Verbúðir á byggingarreit V1 færast til vesturs frá sjávarhlið Búðagötu yfir götuna og verða í beinu framhaldi til suðurs af verbúðaröð vestan hennar.

- Íbúðabyggð við fyrirhugaða Bakkabraut fellur niður.

Tillagan er sett fram á uppdrætti í mælikvarðanum 1:1.000 og í greinargerð.

Tillagan er til sýnis á skrifstofu Hörgársveitar, Þelamerkurskóla, frá 7. maí til 11. júní 2014. Einnig má sjá tillöguna á heimasíðu sveitarfélagsins, [www.horgarsveit.is](http://www.horgarsveit.is). Athugasemdir skulu hafa borist skriflega til skrifstofu Hörgársveitar eigi síðar en kl. 15:00 fimmtudaginn 12. júní 2014. Þeir sem ekki gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkir tillögunni.

6. maí 2014

Sveitarstjórinn í Hörgársveit

**Hörgársveit**

**Sími:** 460 1750

**Netfang:** [horgarsveit@horgarsveit.is](mailto:horgarsveit@horgarsveit.is)

**Póstfang:** Þelamerkurskóli, 601 Akureyri

**Veffang:** [www.horgarsveit.is](http://www.horgarsveit.is)

## Umsóknir um beitarafnot

Umsóknarfrestur um beitarafnot (hagagöngu), sbr. 7. gr. fjallskilasamþykktar fyrir sveitarfélög við Eyjafjörð, er til 15. maí. Beitarheimild er einungis veitt ef fram hefur farið mat fulltrúa Landgræðslunnar á beitarþoli viðkomandi svæðis.

## Norðurlandsskógar



Opið er fyrir umsóknir í Norðurlandsskógaverkefnið. Þeir landeigendur sem óska eftir að land þeirra verði metið til skógræktar í sumar skulu sækja um fyrir 1. júní. Umsóknareyðublöð er að finna á heimasíðu verkefnisins [www.nls.is](http://www.nls.is)

Skilyrði fyrir þátttöku í Norðurlandsskógum er að samfelld land sem hentar til skógræktar sé að lágmarki 20 hektarar á lögbýli.

Allar nánari upplýsingar í síma 461-5640.

## Tjón af völdum refa

Á vegum Umhverfisstofnunar er unnið að gerð áætlunar um refaveiðar í tengslum við fyrirhugaðar greiðslur ríkissjóðs til sveitarfélaga vegna veiðanna. Markmiðið með áætluninni er ennfremur að byggja upp enn betri grunn en nú er fyrir ákvarðanatöku um veiðar á ref til að lágmarka tjón af honum í náninni framtíð. Í því skyni óskar Umhverfisstofnun eftir því að sveitarfélagið geri grein fyrir því tjóni sem refir valda á svæðinu.

Með vísan til þessa er hér með óskað eftir að upplýsingar um slík tjón berist til skrifstofunnar eftir því sem við þau verður vart.

**Ennfremur eru þeir sem verða varir við refi beðnir um að gera einhverjum af refaveiðimönnum sveitarfélagsins viðvart STRAX og það gerist.**

Refaveiðimenn sveitarfélagsins eru Helgi Jóhannesson, Þór Jónsteinsson, Ingvar Stefánsson og Davíð Jónsson.

## Næsti fundur sveitarstjórnar verður 21. maí í Þelamerkurskóla

Dagskrá fundarins mun birtast á [www.horgarsveit.is](http://www.horgarsveit.is) síðdegis 19. maí